

Sb.

660. Tillaga til þingsályktunar

[303. mál]

um málefni Ríkisútvarpsins.

Flm.: Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til að treysta fjárhag Ríkisútvarpsins svo unnt reynist:

- 1) að greiða áfallnar skuldir Ríkisútvarpsins,
- 2) að vanda gerð dagskrár,
- 3) að viðhalda og endurbyggja dreifikerfi útvarps og sjónvarps með eðlilegum hætti,
- 4) að undirbúa og taka upp nýmæli í rekstri, t. d. upptöku efnis og útsendingu þess í fleiri landshlutum, aukna þjónustu við sjómenn með segulbandasöfnun og nýtingu efnis frá jarðstöðinni, og undirbúa sendingar á annarri rás.

Alþingi telur óhjákvæmilegt að ríkissjóður taki að sér að greiða áhvilandi rekstrarskuldir frá síðustu tveimur árum. Jafnframt verði Ríkisútvarpinu fenginn nýr tekjustofn: sérstakt gjald af innflutningi útvarps- og sjónvarpstækja og búnaði þeirra, einnig af hljómflytningstækjum, segulböndum hvers konar og skyldum vörum eftir því sem nánar er kveðið á í lögum.

Greinargerð.

Um hlutverk Ríkisútvarpsins segir svo í útvarpslögum:

„Ríkisútvarpið skal stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenska tungu. Það skal m. a. flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda og trúarbragða, efla alþýðumenntun og veita fræðslu í einstökum greinum, þar á meðal umferðar- og slysavarnarmálum. Það skal kappkosta að halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, sem almenning varða, á þann hátt, að menn geti gert sér grein fyrir mismunandi skoðunum um þau. Það skal halda uppi fréttapjónustu og veita fréttaskýringar. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri.

Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, svo og við þarfir og óskir minni hluta, svo sem meiri hluta. Veita skal alla þá þjónustu, sem unnt er með tækni útvarpsins og almenningi má að gagni koma.“

Þetta viðamikla hlutverk hefur Ríkisútvarpið leitast við að rækja nú um hálfra aldar skeið, og fullyrða má að dagskrá þess hafi orðið fjölmörgum bæði til skemmtunar og fróðleiks, verið auðsugestur á hverju heimili landsins, létt þeim lífsbaráttuna sem farið hafa einir.

Hvernig til tekst um starfsemi Ríkisútvarpsins er mjög áhrifaríkt fyrir almenna fræðslu og upplýsingu í landinu, þar sem fjölmiðlarnir útvarp og sjónvarp eru þeir áhrifamestu í þjóðfélaginu.

Ástand mála hjá Ríkisútvarpinu nú veldur þeim áhyggjum sem vilja veg þess mestan. Sökum fjárskorts hafa forráðamenn þess neyðst til að skera niður og þynna út dagskrá sjónvarps og enn verr horfir með dagskrá útvarps.

Þarna þarf að snúa vörn í sókn, ella er hætt á að vegur Ríkisútvarpsins fari minnkandi með þjóðinni. Mörg verkefni biða sem þarfnast úrlausnar, eins og fram kemur í tillögugerðinni hér á undan. Hér skal þó eitt atriði undirstrikað sérstaklega, en það er þáttur útvarpsins í almannavörnum. Sendingar- og dreifikerfi útvarps eru þar sú undirstaða sem ekki má breyta.

Einnig skal hér á það bent, að útvarpið þarf að kappkosta að afla sér dagskrár-efnis og fréttu frá landsbyggðinni í ríkara mæli en verið hefur og taka upp útsendingar úr öllum landshlutum líkt og gert hefur verið frá Akureyri nú að undanfögnu.

Rekstur Ríkisútvarpsins er kostnaðarsamt verkefni og krefst auk dagskrágerðarinnar sjálfrar fullkomins tæknibúnaðar, þar með dreifikerfis til að koma dagskrá til skila til allra landsmanna á viðunandi hátt. Þótt mikið hafi verið unnið á þessu sviði vantar hér enn að taka á og er í tillögunni minnt á sjómennina sem búa við skarðan hlut hvað þetta varðar.

Í skýrslu menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið, sem dreift var á Alþingi 13. apríl, koma fram eftirfarandi staðreyndir um fjárhag og tekjuöflunatriði Ríkisútvarpsins:

- 1) Afnotagjald hljóðvarps og svart/hvíts sjónvarps er 59 100 kr. árið 1980, en á sama tíma er áskriftargjald dagblaðs 61 600 kr.
- 2) Tolltekjur af innflutningi sjónvarpstækja hafa ekki runnið til Ríkisútvarpsins nema að hluta síðan árið 1977 og ekkert rann til þess árið 1980. Sú upphæð, sem runnið hefur beint í ríkissjóð, nemur á fjórum árum 30 364 millj. nýkróna, eða 3 036,4 millj. gkr.

Þetta hefur þrengt fjárhag Ríkisútvarpsins með þeim afleiðingum, að það hefur neyðst til að draga úr þjónustu sinni við landsmenn.

Því er lagt til að Ríkisútvarpinu verði kleift að hefja nýja sókn með því að greiða upp skuldir þess frá fyrri árum, skila til þess tolltekjum af innflutningi útvarps- og sjónvarpstækja og bæta við nýjum tekjustofni, tolltekjum af innflutningi hlómflutningstækja, en geta má þess, að Norðmenn hafa farið þá leið í sínum útvarpsrekstri.